



# Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa maí 2006

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

## Fundur 9. maí 2006

Framkvæmdir fráveitu. Gögn sem áttu að liggja fyrir verða komin fyrir næsta fund. Framkvæmd verður háttað eins og áður, heimamönnum falið verkið.

Kosning í undirkjörstjórn. Í kjörstjórn verða, áður valin, Ingibjörg Þórhallsdóttir, Eyrún Kr. Júlíusdóttir og María Guðmundsdóttir. Varamenn: Jóhannes Högnason, Áki Guðmundsson og Hafliði Jónsson.

Útvinna í þorpinu í sumar. Teikn á Lofti kemur og setur niður hæla fyrir skjólveggi á tjaldsvæði. Næstu tvo mánudaga verður rusl sem sett verður við lóðarmörk tekið af starfsmanni hreppsins. Auglýsing verður borin í hús.

Bréf barst frá Reimari Sigurjónssyni og Boða Stefánssyni þar sem þeir sækja um að sinna minkaeyðingu, samþykkt samhljóða.

Bréf barst frá félagi eldri borgara á Vopnafirði og Bakkafirði þar sem óskað var eftir 30.000 kr. styrk, hann var veittur.

Bréf barst frá Félagsmálaráðurneytinu þar sem það staðfestir sameinigu Þórshafnar- og Skeggjastaðahrepps í eitt sveitarfélag.

Þann 13. maí nk. verður hjartastuðtækið afhent af Rauða krossinum, og íbúum kennt á tækið.

Athugað verður með frágang á gámasvæði inni í höfn.

## Fundur 16. maí 2006

Kjörskrá yfirfarin og samþykkt.

## Fundur 23. maí 2006

Fyrri umræða ársreiknings 2005. Ársreikningur er samþykktur samhljóða eins og hann liggur fyrir.

Fráveitumál, farið yfir áætlun um framkvæmdina. Samþykkt samhljóða að fara í framkvæmdir við fráveitu að viðbættri lögn vegna yfirborðsvatns, með fyrirvara um samþykkt komandi sveitarstjórnar.

Leikskólamál. Farið yfir kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir við endurbætur á útisvæði leikskóla. Samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykkt komandi sveitarstjórnar. Verkefnið er allt að 50% styrkhæft.

Breyting á tjaldsvæði. Ákveðið að breyta skipulagi tjaldsvæðis.

Bréf barst frá Búnaðarsambandi Austurlands vegna veggirðinga.

Samþykkt að fyrirkomulag vinnuskóla verði eins og á Þórshöfn.

Ákveðið að greiða umsjónarmanni vefsíðu hreppsins upp í kostnað við hans vinnu.

Samþykkt var að fara í vinnu við 1. áfanga gámasvæðis í höfninni.

## Fundur 30. maí 2006

Seinni umræða ársreiknings 2005. Samþykktur samhljóða.

Svæðisáætlum um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 tekin til kynningar og afgreiðslu.

Ákveðið að styrkja þá lista sem voru í framboði um 15.000 kr. hvern, gegn framvísun reikninga.